

**Sé greitt eftir fleiri kerfum.**

Peir námsmenn, sem taka lán skv. lögum nr. 21 frá 1992 (R-lán) greiða fyrst afborganir og vexti af þeim lánum, en skuldi þeir eldri lán frestast afborganir þeirra þar til fyrrnefnd R-lán eru að fullu greidd. Eldri lán greiðast síðan eftir reglum sem áður giltu. Hlutfallsstuðull fyrir aukaafborgun T-láns hjá þeim sem hafa fengið meira en helming raunvirðis námslána sinna árin 1976-85 er 3,5% í stað 3,75%. Ef lánþegi greiðir bæði af lánum sem tekin voru á árunum 1976-82 og af lánum sem tekin voru 1982-92, þá dragast afborganir eldri lána frá afborgunum hinna nýju. Enginn afsláttur er veittur af afborgunum lána, sem tekin voru 1982-92, þótt einnig sé verið að greiða af L-lánum.

**Vanskil.**

Ef lánþegi greiðir ekki afborgun á réttum tíma og hefur ekki samið við sjóðinn um greiðslu, sendir sjóðurinn hana til lögfræðings í innheimtu. Ef lánþegi gerir enn ekki skil, er sjóðnum heimilt að gjaldfella alla skuldina og innheimta hana með hæstu leyfilegu dráttarvöxtum.

*Menntamálaráðuneytið, 21. maí 1993.*

F. h. r.

**Guðriður Sigurðardóttir.**

*Porsteinn Gunnarsson.*

**AUGLÝSING****um skráningu íslensku krónunnar gagnvart erlendum gjaldmiðlum.**

Með heimild í 18. gr. laga nr. 36/1986 um Seðlabanka Íslands um markaðssetningu íslensku krónunnar og erlends gjaldeyris staðfestist að núgildandi gengisvog krónunnar er óbreytt í þessum hlutföllum: Evrópska mynteiningin (ECU) 76%, Bandaríkjadollar 18% og japönsk yen 6%.

*Viðskiptaráðuneytið, 25. maí 1993.*

F. h. r.

**Björn Friðfinnsson.**

*Finnur Sveinbjörnsson.*

**REGLUGERÐ****um bókhaldslega aðgreiningu efnivara vegna upprunaréttinda samkvæmt fríverslunarsamningum.**

1. gr.

Ríkistollstjóri getur heimilað framleiðanda vöru, sem notið getur tollfríðinda samkvæmt ákvæðum fríverslunarsamnings EFTA, samnings Íslands og EB eða annarra fríverslunarsamninga, að nota svonefnda bókhaldslega aðgreiningu (segregation by accounting) vegna